

Ár 2018, þriðjudaginn 5. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Inga Halldórssyni, Sigurður Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 4/2018:**

Knattspyrnudeild Þórs f.h. Þór/KA/Hamrarnir  
gegn  
Knattspyrnudeild HK/Víkings

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnudeild Þórs kt. 670991-2109  
Hamar, Skarðshlíð  
603 Akureyri  
Fyrirsvarsmaður: Nói Björnsson

**Kærði:**

Knattspyrnudeild HK/Víkings kt. 650101-2940  
Skálaheiði 2  
200 Kópavogur  
Fyrirsvarsmaður: Katla Guðjónsdóttir

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 28. maí sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til mánudagsins 4. júní 2018. Kærði svaraði með óformlegum tölvupósti dags. 29. maí sl.

II.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik HK/Víkings - Þór/KA/Hamrarnir í Íslandsmóti 2. flokks kvenna A-liða þann 20. maí 2018 verði breytt og Þór/KA/Hömrnum úrskurðaður sigur 0-3.

III.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik HK/Víkings - Þór/KA/Hamrarnir í Íslandsmóti 2. flokks kvenna A-liða þann 20. maí 2018 hafi HK/Víkingur teflt fram ólöglegu liði. Eldri leikmaður HK/Víkings hafi skv. leikskýrslum í síðasta leik undan hjá mfl. HK/Víkings í leik gegn Breiðabliki þann 15.05.2018. Leikmaðurinn sem um ræðir sé

Anna María Pálsdóttir en hún hafi í næsta leik á eftir leik HK/Víkings og Breiðablik í mfl. kvenna leikið fyrstu 45 mín í leik HK/Víkings í 2. fl. kvenna.

Barst kæra til skrifstofu KSÍ frá kæranda í kjölfarið sem móttækin var þann 25. maí sl.

Tölvupóstur barst frá fyrirvarsmanni kærða Kötlu Guðjónsdóttur, þann 29. maí sl. Þess efnis að HK/Víkingur staðfesti að Anna María Pálsdóttir spilaði umræddan leik.

IV.

#### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag HK/Víkingur hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Þór/KA/Hömrúnum þann 20. maí 2018 sem fram fór í Íslandsmóti 2. flokks kvenna A-liða. Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags er fallist á það að leikmaðurinn Anna María Pálsdóttir hafi ekki mátt taka þátt í leiknum.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Þórs fh. Þór/KA/Hamranna, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er úrslitum í leik HK/Víkings gegn Þór/KA/Hamrarnir, sem fram fór þann 20. maí 2018 í Íslandsmóti 2. flokks kvenna A-liða, breytt og Þór/KA/Hömrúnum úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V.

#### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik HK/Víkings gegn Þór/KA/Hamrarnir sem fram fór þann 20. maí 2018 í Íslandsmóti 2. flokks kvenna A-liða er breytt og Þór/KA/Hömrúnum úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum. Kærði, HK/Víkingur, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður Ingi Halldórsson [sign]

Sigurður Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]